

**Nd.**

## **647. Breytingartillögur**

við frv. til laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Á eftir orðinu „sjálfsábúð“ á tveim stöðum í greininni komi: eða erfðaábúð.
2. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Heimilt er nýbýlastjórn að veita lántakanda óafturkræft framlag úr sjóðnum, er samsvari þeim stuðningi, er hann yrði aðnjótandi með vaxtalækkun á láni því, sem hann gæti fengið samkv. 14. gr., miðað við venjulegan láns tíma og að lækkun ársvaxtanna nemi 2%. Þegar slíkt framlag er veitt, skal lántakandi greiða 4% ársvexti af því láni, er hann fær hjá sjóðnum, og má þá lánveiting til hans eigi nema meiru en 50% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem lánið er veitt til.
3. Við 30. gr. Við greinina bætist: Þetta gildir þó ekki, ef eigandi býlis selur það foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, enda sé söluverðið eigi hærra en kostnaðarverð að frádreginni fyrningu og kaupandi gerist þar sjálfur ábúandi.
4. Við 43. gr. Á eftir orðunum „nema um erfðaskipti sé að ræða“ komi: eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. másl. 30. gr.

Til vara. (Ef 3. brtt. verður felld).

Á eftir orðunum „nema um erfðaskipti sé að ræða“ komi: eða eigandi selji fasteignina foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni, kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra, .